

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna grunnskólans í Borgarnesi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 27. mars 2017 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 2. febrúar 2017.

Í breytingunni felst að svæði fyrir þjónustustofnanir Þ3, stækkar úr 14.841 m² í 15.350 m² en íbúðarsvæði Í1 minnkar úr 43.035 m² í 42.934 m². Afmörkun íþróttasvæðis O1, hliðrast til suðurs og minnkar um 392 m². Nýtingarhlutfall á Þ3 verður eftir breytingu 0,40 en var áður 0,22.

Mannvirki á lóð grunnskólans verða rifin eða fjarlægð til að rýma fyrir nýbyggingum/stækkun grunnskólans. Lóðir Gunnlaugsgötu 13, 21 og 21b verða sameinaðar.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 27. mars 2017.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2017